

## Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1978.

## Eignir :

Innstæða á ávísanareikningi .....		kr.	871 844.00
Bankainnstæður á vaxtaaukareikn. ....		—	80 175 648.00
Spariskirteini 1. fl. 74C 1136—40 .....	kr.	250 000.00	
Spariskirteini 1. fl. 75C 10461—65 .....	—	250 000.00	
Spariskirteini 1. fl. 76C 1363—92 .....	—	1 500 000.00	kr. 2 000 000.00
Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands .....		kr.	114 000.00
Áfallnir vextir af spariskirteinum .....		—	176 170.00

---

Samtals kr. 83 337 662.00

## Skuldir :

Til ráðstöfunar 1978 skv. 5. gr. skipulagsskrár f. fyrri árum .....	kr.	25 900 000.00	
Ráðstafað til Landspítalans 25.4. '78 .....	— ÷	25 000 000.00	
Lagt við höfuðstól 25.4. '78 .....	— ÷	900 000.00	
Til ráðstöfunar 1982 skv. 5. gr. af tekjum 1978			kr. 14 500 000.00
Höfuðstóll 1.1. 1978 .....	kr.	50 070 923.00	
Lagt við höfuðstól 25.4. 1978 .....	—	900 000.00	
Lagt við höfuðstól 31.12. 1978 .....	—	17 866 739.00	kr. 68 837 662.00

---

Samtals kr. 83 337 662.00

Reykjavík 6. janúar 1978.

María Sigurðardóttir.

Við undirritaðar höfum yfirfarið reikninga þessa, borið þá saman við tilheyrandi bankabækur og fylgiskjöl og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík 10. janúar 1979.

Ólöf Pétursdóttir. Vilborg Gunnlaugsdóttir.

Nr. 398.

24. september 1979.

## G J A L D S K R Á

fyrir prófun búvéla.

1. flokkur: Gjald kr. 18 000.00. — Handverkfæri, handvagnar, brýnsluvélar.
2. flokkur: Gjald kr. 36 000.00. — Jarðvinnslutæki, tengivagnar, hálfbelti og keðjur, sláttuvélar, snúningsvélar, múgavélar, færibönd, súgþurrkunarbúlarar, rafgirðingar, garðsláttuvélar, drykkjarker.
3. flokkur: Gjald kr. 54 000.00. — áburðardreifingar, taliur, dælur, sniglar, ámoksturs- og hleðslutæki, sláttutætarar, heyhleðsluvagnar, heybindivélar, heyflutningsblásarar, flokkunarvélar, sáð- og plöntunarvélar, hitunar-tæki til þurrkunar.
4. flokkur: Gjald kr. 72 000.00. — Gröfuvélar, úðunartæki, upptökuvélar, heyþurrkunarkerfi.
5. flokkur: Gjald kr. 90 000.00. — Traktorar, vélþurrkunartæki fyrir hey, kornpreskivélar.

Um önnur verkfæri en tilgreind eru hér að ofan skal prófunargjald ákvarðað af Rannsóknastofnun landbúnaðarins í hverju einstöku tilfalli.

*Landbúnaðarráðuneytið 24. sept. 1979.*

Sveinbjörn Dagfinnsson.

*Guðmundur Sigþórsson.*

11. október 1979.

Nr. 399.

## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1979.**

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1979:

Fiskmjöl, § 7.80 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 65% af verðbreytingu frá grundvallarverði. Verðið miðast við cif. og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 11. október 1979.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Kristín Magnússon.*

2. október 1979.

Nr. 400.

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 247 4. júlí 1978, um friðunarsvæði við Ísland.**

1. gr.

1. töluliður 1. mgr. 1. gr. orðist þannig:

Í Reykjafjarðaráll allt árið á svæði, sem markast að vestan og norðan af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta.

- |    |           |           |
|----|-----------|-----------|
| a) | 66°34'7 N | 22°00'0 V |
| b) | 66°37'3 N | 21°21'5 V |
| c) | 66°58'6 N | 20°54'0 V |
| d) | 66°59'0 N | 20°40'0 V |

að austan markast svæðið af 20°40'0 V.